

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 16. maí 1988

um breytingu á II. viðauka við tilskipanir 76/895/EBE og 86/362/EBE um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á ávöxtum, matjurtum og kornvörum

(88/298/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/895/EBE frá 23. nóvember 1976 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á ávöxtum og matjurtum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 3768/85 ⁽²⁾, einkum 5. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 86/362/EBE frá 24. júlí 1986 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á kornvörum ⁽³⁾, einkum 11. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í ljósi tækni- og vísindaframfara og krafna um almannaheilbrigði og og heilbrigði í landbúnaði er brýnt að breyta ákvæðunum, einkum hámarksmagni sem ákveðið er í II. viðauka við tilskipun 76/895/EBE um kaptafól, kaptan, klórfenvínfos, dóðín, fenítrópíon, fólpet, formópíon og malaþíon.

Af sömu ástæðum virðist æskilegt að leiðrétta tilskipun 76/895/EBE með því að bæta við ákvæðum um fleiri varnarefni, en leifar þeirra gætu verið í og á ávöxtum og matjurtum, það er að segja eþíon, etýlín díbrómíð, mevífos, fosalón og 2,4, 5-T og leiðrétta tilskipun 86/362/EBE með því að bæta við ákvæðum um fleiri varnarefni, en leifar þeirra gætu verið á kornvörum, það er að segja, kaptafól.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. viðauka tilskipunar 76/895/EBE:

1. Hámarksmagni leifa neðangreindra varnarefna er breytt á eftirfarandi hátt:

Almennt heiti	Hámarksmagn (í mg/kg (ppm))
kaptafól	0,05 :
kaptan } summan	3 : kjarnaávextir, ber og litlir ávextir, vínber, tómatar
fólpet }	2 : baunir, blaðstór kaffííffill, kaffííffill, blaðlaukur, steinaldín, höfuðsalat, ertur
klórfenvínfos (summa E- og Z-myndbrigða)	0,1 : aðrar afurðir 1 : sítrusávextir 0,5 : lauk-, hnýðis- og rôtargrænmeti, blaðselja og steinselja
dóðín	0,05 : sveppir, aðrir ávextir 0,1 : aðrar matjurtir
fenítrópíon	1 : kjarnaávextir og steinaldín 0,2 : aðrar afurðir
formópíon	2 : sítrusávextir 0,5 : aðrar afurðir
malaþíon (malaoxón meðtalið)	0,2 : sítrusávextir 0,1 : aðrar afurðir
	2 : sítrusávextir 3 : matjurtir að undanskildu rôtargrænmeti 0,5 : aðrar afurðir

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 340, 9. 12. 1976, bls. 26.⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 362, 31.12.1985, bls. 8.⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 221, 7. 8. 1986, bls. 37.

2. Eftirfarandi varnarefnaleifum skal bætt við ásamt viðeigandi upplýsingum:

Varnarefnaleifar		Hámarks magn (í mg/kg (ppm))
Almennt heiti	Efnaformúla	
epíón	0,0,0,0-tetraetýl S, S-metýlín dí (fosfóródí- þíóat	2: sítrusávéxtir 0,5 : kjarnaávéxtir, steinaldin og vínber 0,1 : aðrar afurðir
etýlín díbrómíð	1,2-díbrómóeþan	0,01
mevínfos	2-metoxý-karbónýl-1-metýl- vinýl dímetýl fosfat (summa af sís og transísómerum)	0,2 : kjarnaávéxtir, sítrusávéxtir og apríkósúr 0,5 : önnur steinaldin og blaðgrænmeti 0,1 : aðrar afurðir
fosalón	S-(6-klóró-2-oxóbensó- oxasólín-3-ýl) metíl 00-díetýl fosfóródíþíóat	1 : sítrusávéxtir og jarðarber 2 : kjarnaávéxtir og ferskjur 0,1 : rötargrænmeti og ólífur 1 : aðrar afurðir
2,4,5-T	(2,4,5-trí-klórófenoxý)-edik- sýra	0,05

2. gr.

Eftirfarandi varnarefnaleifum er hér með bætt við A- hluta II. viðauka við tilskipun 86/362/EBE:

Varnarefnaleifar	Hámarks magn í mg/kg (ppm)
19. kaptafól	0,05

3. gr.

Aðildarríki skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari

- eigi síðar en 1. júlí 1988 vegna kaptafóls, kaptans og fólpets;
- eigi síðar en 1. janúar 1989 vegna annarra varnarefna.

Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. maí 1988.

Fyrir hönd ráðsins,

I. KIECHLE

forseti.